

## REGLUGERÐ

um skiptingu heilbrigðiseftirlits á Reykjavíkursvæði, Kópavogssvæði og Kjósarsvæði skv. 6. gr. 2. og 12. tl. I. nr. 109 14. nóvember 1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

### 1. gr.

#### 1.1 Reykjavíkursvæði.

Par starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum kosnum af borgarstjórn. Starfssvæði: Reykjavíkurborg.

#### 1.2 Kópavogssvæði.

Par starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn. Starfssvæði: Kópavogskaupstaður.

#### 1.3 Kjósarsvæði.

Par starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum. Starfssvæði: Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Seltjarnarneskaupstaður skal eiga tvo fulltrúa, Mosfellsbær tvo fulltrúa, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur koma sér saman um einn.

### 2. gr.

2.1 Heilbrigðisnefnd Reykjavíkursvæðis fer með störf svæðisnefndar skv. 11. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, auk héraðslæknis, sem er formaður.

2.2 Heilbrigðisnefnd Kópavogssvæðis fer með störf svæðisnefndar skv. 11. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, auk héraðslæknis, sem er formaður.

2.3 Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis fer með störf svæðisnefndar skv. 11. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, auk héraðslæknis, sem er formaður.

### 3. gr.

3.1 Um skipan og framkvæmd heilbrigðiseftirlits á Reykjavíkursvæði, Kópavogssvæði og Kjósarsvæði fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

### 4. gr.

4.1 Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 25. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. ágúst 1987.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*